

Þegar vorar

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1932

Andantino

1. Þegar vor - ar, vind-ar hlý - ir veif-a skýj - um yf-ir lönd. Heyr-ast sum - ar-söngv-ar

ný - ir, sól-in þíð - ir klak-a - bönd. Líf sem bund - ið lá í dval - a lít - ur

und - an fann-a - breið, grænk-a rind - ar, blóm-um bal - a bind-a linda' um veik-an

meið. Fjall - a - tinda' og fann - a - sal - a fríð er mynd við loft-in heið.

ÞEGAR VORAR

Þegar vorar, vindar hlýir
veifa skýjum yfir lönd.
Heyrast sumarsöngvar nýir,
sólin þíðir klakabönd.
Líf sem bundið lá í dvala
lítur undan fannabreið,
grænka rindar, blómum bala
binda linda' um veikan meið.
Fjallatinda' og fannasala
fríð er mynd við loftin heið.

Eða þegar ljúfu ljóðin
lóan syngur hátt í geim,
þann við skiljum yndisóðinn,
er þá vorið komið heim,
veðrin hlýna og vekja nýja
vonarrós á dapra brá.
Tíbrárlínur tign með hlýja
titra um ósa, land og sjá.
Þegar skín og skuggar flýja
skæra ljósið himni frá.